



Reglur þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. gr.

Þróunarsjóði skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ætlað að efla nýsköpun í kennsluháttum og faglegt skólastarf í takt við nýja skólastefnu sveitarfélagsins. Þróunarsjóðurinn veitir stuðning við áhugavert starf og verkefni, eflingu starfsþróunar innan skólans og framþróunar skólastarfs.

2. gr.

Einstaka kennarar, kennarahópar og aðrir fagaðilar sem starfa í skólasamfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru hæfir til að sækja um styrk.

3. gr.

Skólanefnd auglýsir er eftir umsóknum í ágúst. Umsóknir í sjóðinn þurfa að berast fyrir 30. október og fer úthlutun fram í janúar ár hvert. Hægt er að sækja um undanþágu um sérstök verkefni sem lúta öðrum tímaramma. Umsóknir þurfa að vera samþykktar af skólastjóra viðkomandi skóla áður en þær eru sendar til skólanefndar. Skólanefnd yfirfer og metur umsóknir með tilliti til gildandi skólastefnu, matskvarða og ávinnings fyrir skólasamfélagið. Skólanefnd afgreiðir tillöguna til sveitarstjórnar til samþykktar.

4. gr.

Verkefni sem sótt er um styrk fyrir þurfa að hafa skilgreind markmið, áfanga, tímasetningar og áætluð verklok. Sundurliðuð kostnaðaráætlun þarf að fylgja umsókn og greina skal frá því hvort verkefnið hafi fengið styrk annars staðar frá.

5. gr.

Við samþykki umsóknar verður gerður skriflegur samningur við styrkþega, ábyrgðarmaður verkefnis tilgreindur og hvernig skuli staðið að greiðslum.

6. gr.

Styrkfjárhæðinni skal einungis varið til verkefnisins sem sótt er um og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn.

7. gr.

Greiða skal út 75% af samþykktri styrkfjárhæð við upphaf verkefnis. Við styrkveitingu er haldið eftir fjórðungi styrkuppþæðar sem greiddur er þegar greinargerð og kynning um verkefnið hefur verið skilað. Komi til þess að ekki sé hægt að vinna verkefni fellur styrkur niður. Hafi hluti styrkfjárhæðar verið greidd til umsækjanda skv. framangreindu skal endurgreiða styrkinn tilbaka.

8. gr.

Að verkefni loknu skal styrkþegi skila greinargerð um verkið og kynna það fyrir skólasamfélaginu, með formlegri og auglýstri kynningu. Einnig skal kynna verkefnið fyrir skólanefnd og sveitarstjórn sé þess óskað. Greinargerðin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins öðrum til upplýsingar.

9. gr.

Þróunarsjóðurinn er skilgreindur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og heildarfjárhæð sjóðsins fyrir hvert ár ákveðin við fjárhagsáætlanagerð.

Matskvarði fyrir fagnefnd við mat á umsóknum í Þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hver umsókn er metin samkvæmt neðangreindum þáttum og heidarstigafjöldi ákvarðar hvort umsókn hlýtur styrk eða ekki. Umsókn verður að ná 51 stigi til að koma til greina til styrkveitingar.

Matskvarði

Samræmi við gildandi skólastefnu 30 stig

- Lítil eða enginn stuðningur við gildandi skólastefnu (1 - 6 stig)
- Sumir þættir styðja við gildandi skólastefnu (7 - 12 stig)
- Verkefnið styður vel við gildandi skólastefnu (13 - 20 stig)
- Verkefnið styður mjög vel við og er samræmt gildandi skólastefnu (21 - 30 stig)

Ávinningur fyrir skólasamfélagið 40 stig

- Lítil eða engin áhrif á skólasamfélagið (1 - 5 stig)
- Takmörkuð áhrif á skólasamfélagið (6 - 13 stig)
- Töluvert jákvæð áhrif á skólasamfélagið (14- 25 stig)
- Mikil og augljós áhrif á skólasamfélagið (26 - 40 stig)

Markmið, verkáætlun 10 stig

- Markmið eru óskýr eða óraunhæf, verkáætlun ófullnægjand (1- 2 stig)
- Markmið eru skýr en verkáætlun er veik (3 - 4 stig)
- Markmið eru skýr og verkáætlun viðunandi (5 - 7 stig)
- Markmið eru mjög skýr og vel skilgreind, verkáætlun er ítarleg og raunhæf (8 - 10 stig)

Fjárhagsáætlun 10 stig

- Fjárhagsáætlun er ófullnægjandi eða óraunhæf (1 - 2 stig)
- Fjárhagsáætlun er sæmileg, nokkrir óskýrðir þættir (3- 4 stig)
- Fjárhagsáætlun er góð með vel skilgreindum kostnaðarliðum (5 - 7 stig)
- Fjárhagsáætlun er ítarleg og vel rökstudd (8 - 10 stig)

Framkvæmd og eftirfylgni 10 stig

- Engin eða óljós áætlun um framkvæmd og eftirfylgni (1 - 2 stig)
- Grunnáætlun um framkvæmd og eftirfylgni (3 - 4 stig)
- Áætlun um framkvæmd og eftirfylgni er vel útfærð (5 - 7 stig)
- Áætlun um framkvæmd og eftirfylgni er framúrskarandi með skýrum skilum og mælingum (8 - 10 stig)